

Aðalfundur Vatns- og fráveitufélagsins 2025

Fundurinn var haldinn 28. maí, 2025 kl. 14:00 og var boðaður með tölvupósti til félagsmanna þann 16. maí 2025 með dagskrá samkvæmt lögum félagsins.

Formaður VAFRÍS setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hann gerði það að tillögu sinni að Sigurður Grétar Sigmarsson yrði fundarstjóri og Sigrún Tómasdóttir yrði fundarritari. Fundurinn samþykkti það einróma og tók Sigurður þá við stjórn fundarins.

Sigurður kynnti dagskrárlíði samkvæmt lögum félagsins.

Samkvæmt lögum félagsins skal kynna tillögur að lagabreytingum með fundarboði aðalfundar. Engar tillögur bárust stjórn félagsins.

Aðalfundurinn var boðaður með tölvupósti til félagsmanna 16. maí 2025 auk þess að vera kynntur á samfélagsvef félagsins. Hann var því löglega boðaður með meira en viku fyrirfara samkvæmt lögum félagsins.

Fastir liðir á dagskrá aðalfundar voru (skv. lögum félagsins):

- Skýrsla formanns. Fundarstjóri gefur formanni, Hlöðveri Stefáni Þorgeirssyni, orðið.**
 - Hlöðver flutti skýrslu stjórnar sem verður aðgengileg á vef félagsins.
- Yfirferð endurskoðaðra reikninga félagsins. Hrund Ólöf Andradóttir gjaldkeri**
 - Hrund fer yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning 28. maí 2024 – 22. maí 2025
 - Rekstrarniðurstaða ársins er kr. +14.369 kr. og eignir eru samtals kr. 1.729.467 kr.
 - Fundarstjóri spurði hvort einhver vilji taka til máls um ársreikninga félagsins. Svo var ekki og reikningar félagsins voru samþykktir einróma.
- Kosning stjórnar og formanns.**
 - Stjórnarfolk er kosið til tveggja ára í senn.
 - Í fyrra voru Hlöðver, Baldur, Hrund og Sigurður kosin til áframhaldandi stjórnarsetu til tveggja ára.
 - Eitt laust sæti í stjórn í ár.
 - Sigrúnar Tómasdóttir gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu
 - Fundarstjóri spurði um önnur framboð.
 - Svo var ekki og heldur því sama stjórnin áfram
 - Hlöðver bauð sig aftur fram til formanns. Fundarstjóri spurði um önnur framboð. Svo var ekki og var hann kosinn formaður til næstu tveggja ára.
- Kosning skoðunarmanna.**
 - Ásta Ósk Hlöðversdóttir, núverandi skoðunarmaður, var kosin sem skoðunarmaður áfram.
- Ákvörðun á félagsgjöldum.**
 - Einstaklingsfélagsgjöld eru núna 2.200 kr. og félagsgjöld lögaðila með 5-9 starfsmenn eru 11.000 kr., félagsgjöld lögaðila með yfir 10 starfsmenn eru 22.000 kr.
 - Lagt er til að þetta haldist óbreytt. Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

- a) Reynir Sævarsson spyr hvort fólk sé að fara á Nýsköpunarfestival Veitna í næstu viku og segist ætla að fara sjálfur. Megan Elizabeth Wiegmann segir betur frá þessu. Hún mun leiða sprettinn „Fráveita framtíðarinnar“ þar sem markmiðið er að skilgreina nústöðu fráveitukerfisins, skoða hvað vantar í kerfið og skoða hvað er gert í öðrum löndum. Þátttakendur munu velta fyrir sér hvernig við myndum við vilja hafa kerfið uppsett, ef við værum með hreint blað. Fleiri sprettir verða í gangi og mun Megan setja upplýsingar á vef félagsins.

- b) Kristinn Þór Guðbjartsson spurði hvað myndi verða um þá fjármuni sem félagið á ef það myndi leggjast niður. Spurði einnig hvort þessir peningar sem eru til séu miklir eða litlir ef til þess kæmi að skipuleggja stóran viðburð. Hlökkver svarar að ef við myndum stefna til heils dags ráðstefnu þá gætum við nýtt sjóðinn til þess að niðurgreiða kostnað sem gæti farið langt með að klára hann. Minnst líka á að VAFRÍS gæti orðið íslenska deild IWA ef áhugi væri fyrir því. Þar eru félagsgjöld en með þeim aðgengi að þekkingu, fræðsluefni o.fl. Rætt um að hlutverk félagsins skv. lögum væri í raun aðeins víðtækara en við höfum verið að sinna. Sigurður Grétar Sigmarsson hvetur fólk til þess koma með hugmyndir að ferðum eða umfjöllunarefnum. Svanur Guðmundur Árnason stingur uppá því að farið yrði í dagsferð til Vestmannaeyja, þar mætti skoða vatnsveituna, mælavæðingu hennar, laxeldi o.fl.

Fundi slitið 14:50. 17 manns voru á fundinum.